

Karate

# Nýjasta kraftaverk íþróttanna

segir Karl Gauti Hjaltason um þessa fornu íþrótt

"Petta verður í fyrsta skipti sem keppt er í karate á landsmóti Ungmennafélags Íslands og er vonandi tákni um aukinn viðgang greinarinnar hér á landi. UMSK og HSK munu örugglega sýna íþróttina á Húsavík og ef til vill mun ungmennafélagið Próttur í Vogum mæta til leiks. Kept verður í frjálsri viðureign eða Kumite og einnig verður einstaklingssýning eða Kata", sagði Karl Gauti Hjaltason framkvæmdastjóri karate á landsmóti 1987.

"Keppendur frá UMSK koma frá Breiðabliki og Gerplu í Kópavogi, frá Stjörnunni í Garðabæ og frá Ungmennafélagi Bessastaðahrepps og verða keppendur líklega 10-12 talsins. Kept verður í tveimur flokkum í frjálsri viðureign, þ.e. karlar yfir 70 kg annars vegar en undir 70 kg hins vegar. Hvað einstaklings-sýninguna varðar munum við á þessu landsmóti keppa í flokkum unglings, kvenna og karla.

Samatls verður keppt um 105 stig í karate á þessu landsmóti og fá menn 6 stig fyrir 1. sæti í grein, 5 fyrir 2. sæti, 4. fyrir



Karl Gauti Hjaltason annast framkvæmd karate á landsmóti.

3. sæti, 3. fyrir 4. sæti, 2. fyrir 5. sæti og 1. stig fyrir 6. sæti. Pessi stig koma í hlut viðkomandi héraðssambands og því er ljóst að miklu skiptir fyrir þá sem senda sveitir að hafa þær fjölmennar því þá er möguleiki á að ná inn góðum fjölda stiga þótt fá eða engin náist inn fyrir besta árangur", sagði Karl enn fremur.

"Okkur hefur verið það mikið kappsmál að fá að keppa í karate á Landsmóti UMFÍ því það er góð auglýsing og þáttur í útbreiðslu íþróttarinnar hérlandis. Núna stunda yfir 1500 manns karate hér á landi og þar af eru um 900 í ungmennafélögnum. Okkar markmið er að á landsmóti í Mosfellsveit árið 1990 verði karate fullgild keppnisgrein".

"Jú, karate hefur verið í mikilli sókn hér á landi síðustu árin og við eignum orðið nokkra allgóða karatemenn. Kosturninn við þessa íþrótt er m.a. sá að menn þurfa nánast ekkert af hjálpartækjum og íþróttina er hægt að stunda hvar sem er. Petta er því ódýr íþrótt og þó skiptir mestu að hún er ákaflega góð til alhliða þjálfunar fyrir lískamann því í karate teygir maður mjög vel á öllum vöðvum og nær mykt og fimi. Vandi okkar í Karatesambandinu hefur hins vegar verið skortur á góðum þjálfurum því þessa íþrótt er

ekki hægt að stunda af neinu vitni nema með aðstoð góðra þjálfara. Við höfum fengið nokkra menn utan lands frá í gegnum árin og þeir hafa haft miklu meira en nóg að gera. Núna eru svo komnir upp innlendir menn sem geta kennið þetta og árangurinn lætur heldur ekki á sér standa. Við hjá UMSK getum verið ánægdir því um helmingur allra karatemanna í landinu er af okkar félagssvæði en hins vegar hefur einnig verið vöxtur innan HSK á síðustu misserum. Við getum því átt von á harðri samkeppni við þá austanfjallsmenn á Húsavík nú eftir nokkra daga".

"Ég hef stundum sagt að karate sé nýjasta kraftaverkið í íþróttum á Íslandi. Petta hefur náð mikilli útbreiðslu á skömmum tíma og gengi okkar fer hægt og sígandi upp á við. Okkar markmið er að útbreiða íþróttina meira, en eins og áður sagði er hún varla stunduð innan UMFÍ nema hjá UMSK og HSK. Karate er góð alhliða íþrótt og það sem er ekki verra: hægt er að ná ótrúlega góðum árangri á ótrúlega skömmum tíma", sagði Karl Gauti, sem hefur með höndum framkvæmd karatekeppninnar á landsmóti UMFÍ 1987.

-vh.